


Kæru flokkar sem nú standið í ríkisstjórnarviðræðum, Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Vinstrihreyfingin grænt framboð.

Þar sem þið vinnið að gerð stjórnarsáttmála er við hæfi að minna á og ítreka áherslur stúdenta. Óhætt er að fullyrða að fyrir kosningar hafi allir flokkar tekið undir að bæta þyrfti margt er varðar kjör stúdenta. Því leggjum við áherslu á að það verði sýnt í verki við skrif stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Við undirstrikum sérstaklega þörfina fyrir nýju lánasjóðskerfi þar sem að við smíð þess verði sterk aðkoma stúdenta frá upphafi. Ásamt því krefjumst við umbóta á húsnæðismálum en tryggja þarf nægt framboð á húsnæði fyrir stúdenta. Hér að neðan má lesa áherslur stúdenta í heild sinni fyrir Alþingiskosningar 2017.



Áherslur stúdenta fyrir Alþingiskosningar 2017:



Lánasjóðsmál

- Heildarendurskoðun á lögum LÍN þarf að fara fram með **aðkomu stúdenta** og annarra hagsmunaaðila.
- Gera þarf umtalsverðar umbætur á úthlutunarreglum LÍN í takt við þarfir stúdenta, hvort sem þeir nema hérlendis eða erlendis.



Réttindi erlendra nemenda

- Gæta þarf þess að nemendur af erlendum uppruna búi við raunverulegt jafnrétti til náms á Íslandi.
- Sjá þarf til þess að flóttamenn eigi rétt á námi við íslenska háskóla og jafnframt stuðningi frá LÍN.



Geðheilbrigðismál

- Sálfræðingar eiga að vera í öllum háskólum landsins.
- Sálfræðipjónusta á að vera jafn aðgengileg og önnur heilbrigðisþjónusta á Íslandi.



Almenningsamgöngur

- Tryggja þarf ódýrar og raunhæfar almenningsamgöngur fyrir stúdenta.
- Umhverfis- og hagkvæmnisjónarmið búa að baki því að efla almenningsamgöngur auk þess sem þær gera búsetuúrræði fjær skóla og vinnu að raunhæfum kosti.



Bætt fjármögnun háskólastigsins

- Auka þarf þjónustu við nemendur, svo sem með aukinni náms- og starfsráðgjöf, fjölgun sálfræðinga í íslenskum háskólum og annarri stoðþjónustu.
- Tryggja þarf gæði náms við íslenska háskóla.
- Ná þarf meðaltali OECD og svo Norðurlandanna í framlögum til háskóla á hvern nemanda án þess að fækka nemendum - viljum viðhalda menntunartígi þjóðarinnar.



Húsnæðismál

- Mikill skortur er á framboði á húsnæði fyrir stúdenta.
- Tryggja þarf nægt framboð á húsnæði fyrir stúdenta á landinu öllu.
- Byggja þarf upp fjölbreytt og raunhæf búsetuúrræði fyrir þá sem eru að stiga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði eftir nám.

Reykjavík, 19. nóvember 2017

Virðingarfyllst,

Aldís Mjöll Geirsdóttir

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður Landssamtaka íslenskra stúdenta